



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: -

Dags. endurskoðunar: 6. maí 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **BENSÍN (blýlaust)**

1.2. Tilgreind notkun Eldsneyti.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Flokkun Eldf. vökvi 1; H224
Eit. v. ásvelg. 1; H304
Húðert. 2; H315
Krabb. 1B; H350
STOT SE 3; H336
Stökkbr. 1B; H340
Eit. á æxl. 2; H361
Langv. eit. á vatn. 1; H411

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki



Viðvörðunarorð
Hættusetningar

Hætta
H224 – Afar eldfimur vökvi og gufa.
H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H340 – Getur valdið erfðagöllum.
H350 – Getur valdið krabbameini
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
Varnaðarsetningar
P201 – Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífar/andlitshlífar.
P301+P310 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P403+P233 – Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera luktar.
P501 – Fargið innihaldi/ílátí í samræmi við gildandi lög og reglur.

2.3. Aðrar hættur
PBT/vPvB-mat

Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1. Efni

Efnisþáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Bensín	CAS#: 86290-81-5 EINECS#: 289-220-8 REACH#: 01-2119471335-39-0016	95-100	Eldf. vökvi 1; H224 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Stökkbr. 1B; H340 Krabb. 1B; H350 Langv. eit. á vatn. 2; H411
Tólúen	CAS#: 108-88-3 EINECS#: 203-625-9	<15%	Eldf. vökvi 2; H225 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Eit. á æxl. 2; H361d STOT RE 2; H373
Etanól	CAS#: 64-17-5 EINECS#: 200-578-6 REACH#: 01-2119457610-43	0-5%	Eldf. vökvi 2; H225
n-hexan	CAS#: 110-54-3 EINECS#: 203-777-6	<1%	Eldf. vökvi 2; H225 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Eit. á æxl. 2; H361f STOT RE 2; H373 Langv. eit. á vatn. 2; H411
Bensen	CAS#: 71-43-2 EINECS#: 200-753	<1%	Eldf. vökvi 2; H225 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 Augnert. 2; H319 Stökkbr. 1B; H340 Krabb. 1A; H350 STOT RE 1; H372

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	Sýnið lækni þetta öryggisblað eða merkimiða.
Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni vara.
Eftir snertingu við augu	Skolið vandlega með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum frá auganu til að tryggja vandlega skolun. Leitið lækni.
Eftir snertingu við húð	Farið úr óhreinkuðum fatnaði. Þvoið húðina með sápu og vatni. Leitið lækni ef óþægindi vara.
Eftir inntöku	Skolið munninn vandlega með vatni og drekkið 1-2 glös af vatni í smáum skömmtum. Ekki framkalla uppköst. Ef uppköst verða, beygið ykkur fram svo ælan fari ekki í lungu. Hringið strax í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
Bruni	Skolið með vatni þar til sársauki hættir. Farið úr fötum sem eru ekki föst við húðina. Leitið lækni strax. Ef mögulegt, skolið þangað til læknishjálpi berst.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif	Getur valdið lungnabólgu eftir inntöku eða uppköst. Erting, roði. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi og börn í móðurkviði. Getur valdið krabbameini. Getur valdið erfðagöllum. Efnið myndar lífrænar gufur sem geta valdið sljóleika og svima. Við mikinn styrk í lofti geta gufur valdið höfuðverk og eitrun.
--------------------------	--

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun	Meðhöndlið einkenni.
---------------------------	----------------------

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Alkóhólpólin froða, slökkviduft, vatnsúði eða koltvísýringur.
Óviðeigandi	Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Gufur frá efninu geta myndað sprengifima blöndu með lofti eftir hitaniðurbrot. Upphitun eykur þrýsting á umbúðum með hættu á sprengingu.

Myndefni við bruna Koldíoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmar, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfalli efnaleka. Kælið nálæg ílát/umbúðir með vatnsúða.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Varist innöndun gufu, úða og lofttegunda. Haldið fjarri íkveikjugjöfum. Reykingar bannaðar. Verið vindmegin við leka. Notið hlífðarhanska. Tryggið næga loftræstingu. Rýmið svæðið.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Ekki losa í niðurföll eða yfirborðsvatn. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar jarðveg, holræsi eða vatnsumhverfi.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Safnið með hvarftregu ísogsefni og fargið sem hættulegum úrgangi hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Örugg meðhöndlun Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð og augu. Gætið almenns hreinlætis við meðhöndlun efna. Tryggið að rennandi vatn og augnskolunarbúnaður sé innan seilingar. Tryggið næga loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Þvoið hendur fyrir vinnuhlé, áður en matast er, farið á snyrtingu og í lok vinnudags.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Ráðstafanir Geymið í tryggilega luktum, upprunalegum umbúðum á vel loftræstum stað. Lokið ílátum tryggilega og geymið í uppréttri stöðu til að hindra leka.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	Tími	mg/m ³	ppm	Aths.
Tólúen	8 klst.	191	50	Frásogast um húð
Tólúen	15 mín.	384	100	Frásogast um húð
Etanól	8 klst.	1920	1000	-
Etanól	15 mín.	-	-	-
Bensen	8 klst.	3,25	1	Krabbameinsvaldur
Bensen	15 mín.	-	-	Frásogast um húð
n-hexan	8 klst.	72	20	-
n-hexan	15 mín.	-	-	-

DNEL

Bensín

Hópur	Íkomuleið	Váhrif	Gildi
Neytandi	Innöndun	Bráð, altæk	1200 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Bráð, staðbundin	640 mg/m ³
Neytandi	Innöndun	Langvinn, staðbundin	180 mg/m ³

PNEC

Sjór: 13,8 mg/l
Ferskvatn: 2,6 mg/l

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu og gerið nauðsynlegar ráðstafanir til að halda styrk efnisins undir tilgreindum viðmiðunarmörkum.

Persónuhlífar

Til hlífðar öndun Notið öndunargrímu með viðurkenndri síu við myndun gufu eða úða. ABEK (EN14387).

Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi. Gegnþrengingartími óákvarðaður. Skiptið oft um hanska (EN374).

Til hlífðar augum Öryggisgleraugu með hliðarvörn eða þétt öryggisgleraugu (EN166).

Hreinlæti Meðhöndlið efni með varúð og gætið að hreinlæti.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags. Notið handaáburð.

Farið úr hlífðarfatnaði áður en matast er. Geymið vinnufatnað fjarri

öðrum fatnaði. Þvoið óhreinkaðan fatnað fyrir næstu notkun.

Húð og líkami Hlífðarfatnaður sem þekur allan líkamann; samfestingur.

Umhverfisráðstafanir Leifum af efninu og umbúðum þess skal farga sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Litarlaust
Lykt	Bensín
pH-gildi	Engin gögn
Blossamark	-40°C
Suðumark	32-186°C
Bræðslumark	-60°C
Uppgufunarhraði	Engin gögn
Sprengimörk	
- neðri	1,4% rúmm.
- efri	7,6% rúmm.
Gufuprýstingur	4-240 kPa við 37,8°C
Eðlisþyngd	0,62 - 0,88 við 15°C
Gufupéttni	Engin gögn
Deilistuðull	Engin gögn
Sjálfstíkveikjuhitastig	280 - 470°C
Seigja	<1mm ² /s við 37,8°C
Oxunareiginleikar	Ekki oxari
Sprengieiginleikar	Ekki sprengifimt

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Hvarfast við sterk oxunarefni og afoxunarefni.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlögð skilyrði.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Engin þekkt.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Sterkir oxarar, sterk afoxunarefni.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar niður við upphitun og myndar eldfimar og eittraðar lofttegundir.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturrif

Blýlaust bensín

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
LD50	Kanína, húð	>2000 mg/kg

Húðerting/-æting Veldur húðertingu.

Augnerting/-æting Væg augnerting.

Húðnæming Ekki næmandi.

Krabbameinsv. áhrif Getur valdið krabbameini.

Stökkbreytandi áhrif Getur valdið erfðagöllum.

Eiturhrif á æxlun Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi og börn í móðurkviði.
Sértæk eiturhrif á marklíffæri
- váhrif í eitt skipti Getur valdið sljóleika eða svima.
- endurtekin váhrif Engin gögn.
Ásvelgingarhætta Getur valdið lungnabólgu eftir inntöku eða uppköst.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Bráð eiturhrif

LC50	Fiskur (pimephales promelas), 96 klst.	8,2 mg/l
EC50	Halafær (daphnia magna), 48 klst.	4,5 g/l
EC50	Þörungur (selenastrum capricornutum), 7 klst.	3,1 mg/l

12.2. Þrávirgni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Brotnar greiðlega niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Talið hreyfanlegt í jarðvegi.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnid er hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Forðist losun í niðurföll og yfirborðsvatn.

Úrgangskóði Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

13 07 02 – Bensín

15 02 02 – Íseyg efni, síunarefni (einnig olíusíur sem eru ekki tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur og hlífðarfatnaður, mengað af hættulegum efnum.

Förgun umbúða Fargið óhreinsuðum umbúðum á sama hátt og ónotuðu efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer 1203
Rétt sendingarheiti GASOLINE
Flutningsflokkur 3
Hættunúmer 33
Merkingar 3
Pökkunarhópur II
Gangakóði D/E
EmS F-E, S-E
Takmarkað magn 5L
Hættulegt umhverfi Já

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat hefur verið gert fyrir eftirfarandi efni:
86290-81-5/289-220-8 Bensín (Gasoline).

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H224 – Afar eldfimur vökvi og gufa. H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa. H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. H315 – Veldur húðerrtingu. H319 – Veldur alvarlegri augneringu. H336 – Getur valdið sljóleika eða svima. H340 – Getur valdið erfðagöllum. H350 – Getur valdið krabbameini. H361d – Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. H361f – Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. H373 – Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
Skammstafanir	CLP: Flokkun, merking og pökkun. ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. TWA: Tímavegið meðaltal. STEL: Skammtíma váhrif. STOT RE: Sértek eiturrif á marklíffæri, endurtekin váhrif. STOT SE: Sértek eiturrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	6. maí 2015.
Útgáfa	-
Gert þann	2. mars 2016.
Uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Bureau Veritas HSE Denmark A/S, infohse@dk.bureauveritas.com .